

Mál nr. 322/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Vinnuveitandi: (A)

### Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 11. október 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 17. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að M hafi þann 11. júlí 2020 verið að ganga úr frysti á vinnustað sínum hjá A með 15 kg poka þegar hann rann á hálu gólfi og datt illa. Hann hafi haft þrálát einkenni frá baki og hálsi síðan. M segir að gólf hafi verið nýþvegin. Þau hafi verið þriffin eftir hádegi þennan dag stuttu áður en hann rann. M neitar því að matarolía hafi verið á gólfinu eins og V heldur fram. M telur að A verði að bera hallan af því að hafa ekki tilkynnt slysið til Vinnueftirlits ríkisins og því sé óhjákvæmilegt annað en að leggja frásögn M til grundvallar. M vísar til laga 46/1980, um aðbúnað á vinnustöðum máli sínu til stuðnings og reglna 581/1995 um húsnæði vinnustaða og 707/12995 um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðvum.

Í bréfi V kemur fram að matarolía hafi sullast á gólfin og kemur þar fram að gólfin séu þriffin í lok vaktar. V telur misræmi í gögnum þar sem fram hafi komið að M hafi komið til vinnu um kl. 11 og er vísað í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands að gólfið hafi verið hált um morguninn. M hafi skv. því fundið að gólfið væri hált eftir þrif. Síðan komi fram í málskoti að gólfið hafi verið þrifið eftir hádegi þennan dag. Þessari síðar tilkominni atvikaýsingu mótmælir V. V telur ekki hafa stofnast tilkynningarskyldu til Vinnueftirlitsins þar sem það hefði ekki leitt annað í ljós en fyrirliggjandi gögn beri með sér. V telur því að ekki standi rök til þess að snúa sönnunarbyrði við. Þá kemur fram hjá V að gera verði þær kröfur til starfsmanna í eldhúsi að sýna fyllstu aðgát.

**Álit.**

Það liggur fyrir í þessu máli að M datt á gólfi á vinnustað. Ágreiningur málsaðila snýr að því af hverju M hafi dottið. M heldur því fram að hann hafi runnið sökum þess að gólfið hafi verið nýþvegið og V heldur því fram að það standist ekki og M hafi runnið á matarolíu. M tilgreinir nafn þess starfsmanns sem hann segir hafa skúrað gólfin og fyrir liggur í málinu staðhæfing þess starfsmanns að hann hafi ekki skúrað gólfin. Með vísan til þess er ekki unnt að líta öðruvísi á að M ekki tekist að sanna af hvaða völdum hann rann. Því verður að líta svo á að um óhappatilvik hafi verið að ræða þegar M datt og slasaðist. V er því ekki bótaskyld gagnvart M.

**Niðurstaða.**

M, á ekki rétt úr bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 12. desember 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir